
Umsókn um styrk frá ADHD samtökunum fta.

From Hrannar Björn Arnarsson <hrannar@adhd.is>

Date Wed 2025-11-26 17:58

To Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>

 2 attachments (143 KB)

Almenn greinargerð um starfsemi adhd samtakanna -nóv 2025.docx; Umsókn um styrk vegna fræðslu 2025.docx;

Góðan daginn.

Meðfylgjandi er bréf frá ADHD samtökunum með umsókn um styrk. Umsókninni er beint til sveitarstjóra en þíki umsóknin eiga erindi annað á vettvangi sveitarfélagsins, þætti mér vænt um að henni yrði komið áfram á viðeigandi stað. Umsókninni fylgir einnig nokkuð ítarleg greinargerð um starfsemi ADHD samtakanna fta.

Kveðja kær

Hrannar Björn Arnarsson, framkvæmdastjóri



ADHD samtökin
Háaleitisbraut 13
108 Reykjavík
Sími: (+354) 581 1110
Farsími: (+354) 8606890
www.adhd.is

Styrktarreikningur ADHD samtakanna
526-26-405077
Kt. 590588-1059

Greinargerð um starfsemi ADHD samtakanna

ADHD er að mestu meðfædd taugaproskaröskun sem yfirleitt kemur fram snemma á æviskeiðinu og getur haft víðtæk áhrif á daglegt líf, nám og félagslega aðlögun en tengist ekki greind. Alþjóðlega skammstöfunin ADHD stendur fyrir „Attention Deficit Hyperactivity Disorder“, helstu birtingarmyndirnar eru athyglisbrestur, hvatvísi og ofvirkni sem einstaklingar sýna í mismiklu magni. Áður fyrr var greinarmunur gerður á athyglisbresti með eða án ofvirkni (ADHD / ADD), en nú á tímum er oftast talað um ADHD eða bara athyglisbrest.

Gera má ráð fyrir að um 40.000 íslendingar séu með ADHD, greint og ógreint – 25.000 fullorðnir (5-10%) og 15.000 börn (8-15%). Því er ljóst að ADHD snertir allmargar fjölskyldur í landinu með einhverjum hætti.

Árið 2023 fögnuðu ADHD samtökin 35 ára afmæli. Samtökin voru upphaflega stofnuð þann 7. apríl 1988 sem Foreldrafélag misþroska barna og það ár voru um 90 félagar í samtökunum en nú eru félagsmenn um 5000 talsins. Ein skráning gildir fyrir fjölskyldu og oftast er ekki annað foreldri/forráðamaður með röskunina og eitt eða jafnvel fleiri börn. ADHD samtökin hafa fengið skráningu sem samtök til almannaheilla (fta), hafa starfsleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála sem og skráningu á almannaheillaskrá RSK, sem veitir styrktaraðilum samtakanna rétt til skattaafsláttar.

Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með ADHD og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og hafi gott aðgengi að þjónustu sem hefur það að markmiði að hámarka hæfni þeirra og lífsgæði á öllum aldurskeiðum.

Samtökin vinna að markmiðum sínum með því að búa yfir eða eiga í samstarfi við aðila sem hafa framúrskarandi þekkingu á greiningu, meðferð og stuðningi við einstaklinga með ADHD og skyldar raskanir. Þeirri þekkingu miðlum við til hagsmunaaðila með ráðgjöf og öflugu fræðslustarfi ásamt því að sinna markvissri hagsmunagæslu í eigin nafni eða í góðu samstarfi við aðra sem hafa sömu baráttumál á stefnuskrá sinni.

ADHD samtökin eru til húsa að Háaleitisbraut 13 og er skrifstofan opin alla virka daga. Samtökin hafa fjóra starfsmenn. Þau halda úti heimasíðu, átta fésbókarsíðum, hlaðvarpinu Lífið með ADHD, tengjast spjallhópum á Facebook fyrir skilgreinda hópa, standa fyrir fræðslunámskeiðum fyrir foreldra og fagfólk, ungmenni og fullorðna með ADHD, bjóða upp á spjallfundi í átta landshlutum og á netinu svo fátt eitt sé talið. Þá hefur útgáfa fræðsluefnis verið ríkuleg undanfarin ár en alls eru komnir út 21 fræðslubæklingar og sex bækur.

Fræðsluefnið hafa ADHD samtökin látið öllum almenningi, opinberum stofnunum og fagfólki í té, þeim að kostnaðarlausu. Mikil spurn er eftir fræðsluefninu um allt land og hafa ADHD samtökin sinnt öllum fyrirspurnum þar að lútandi og bera allan kostnað vegna þessa.

Eitt af aðalhlutverkum ADHD samtakanna er hagsmunagæsla og þannig reyna samtökin að hafa áhrif á ákvarðanir stjórnvalda er varða hagsmuni barna, unglinga og fullorðna með ADHD, ekki síst sem snúa að skóla- og heilbrigðisþjónustu fyrir þennan hóp. Þá beita ADHD samtökin sér

markvisst fyrir upplýsandi og faglegri umfjöllun fjölmiðla um málefni fólks með ADHD, bæði með greinaskrifum, viðtölum og upplýsingagjöf.

Sem aðildarfélag ÖBÍ – réttindasamtaka, taka samtökin einnig þátt í hagsmunagæslu öryrkja og sjúkra á Íslandi. Fulltrúar ADHD samtakanna sitja í stjórn ÖBÍ og eiga samtökin fulltrúa í fjölda málefna- og starfshópa samtakanna.

ADHD samtökin eru stoltir stofnfélagar ráðgjafamiðstöðvarinnar Sjónarhóls.

Mikil gróska hefur verið í félagsstarfinu undanfarin ár og leita fjölmargir til samtakanna daglega. Má þar helst nefna foreldra/forráðamenn barna og unglinga með ADHD, fullorðna með ADHD og fagfólk sem gjarnan starfar í félags- og skólaþjónustu eða heilbrigðisþjónustu.

Starfsemin flokkast undir 1. þjónustustig skv. skilgreiningum í skýrslu félags- og tryggingamálaráðuneytisins 2008 um hvernig bæta megi þjónustu við börn og unglinga með ADHD. Á þeim grunni hafa verið gerðir samningar við ráðuneyti velferðarmála á liðnum árum.

Stofnanir sveitarfélaga og ríkis sem og fagfólk vísa skjólstæðingum sínum til að sækja fræðslu og leiðsögn hjá samtökunum. Þau hafa sinnt fræðsluhlutverki bæði til handa uppeldismenntuðu fólki og foreldrum og þannig stutt við forvarnarstarf sem örugglega á sinn þátt í að draga úr þörf fyrir tilvísanir á stofnanir á 2. og 3. þjónustustigi. Jafnframt hafa samtökin átt þátt í þróun nýrra úrræða, fræðsluefnis og námskeiða.

Mikið og gott samstarf er við önnur Norræn ADHD samtök og funda þau reglulega um sameiginleg málefni. Þá eru samtökin aðili að ADHD Europe, Evrópusamtökum fólks með ADHD og ADHD world congress.

Helstu verkefni ADHD samtakanna:

Bókasafn: Samtökin lána bækur til félagsmanna sinna og fagfólks þeim að kostnaðarlausu.

Ráðgjöf og upplýsingar: Samtökin veita ráðgjöf í síma og á skrifstofu til foreldra, fullorðinna og fagfólks. Þá halda samtökin úti efnismikilli heimasíðu, sjö virkum Facebook síðum og standa fyrir ýmsum spjallhópum á netinu til að miðla upplýsingum og veita ráðgjöf.

Fræðslunámskeið fyrir aðstandendur barna og unglinga: Samtökin standa reglulega fyrir námskeiðum þar sem foreldrar og nánir aðstandendur fá hnitmiðaða og sérsniðna fræðslu um ADHD frá sérfræðingum. Námskeiðið er 10 klst. og hefur einnig verið í boði í fjarfundi fyrir landsbyggðina.

Taktu stjórnina: Fræðslunámskeið fyrir fullorðna með ADHD. Markmið námskeiðsins er fræðsla um ADHD ásamt því að styrkja þátttakendur í að ná tökum á eigin ADHD og veita þeim ákveðin tæki til að líða betur með ADHD í daglegu lífi.

Áfram veginn: Fjarfundarfræðslunámskeið fyrir fullorðna með ADHD. Markmið námskeiðsins er fræðsla um ADHD ásamt því að styrkja þátttakendur í að ná tökum á eigin ADHD og veita þeim ákveðin tæki til að líða betur með ADHD í daglegu lífi.

Áfram stelpur!: Fræðslunámskeið fyrir konur með ADHD. Farið er sérstaklega yfir þær áskoranir sem konur með ADHD standa frammi fyrir og unnið að því að styrkja þær í daglegu lífi. Veitt er fræðsla um ýmis hagnýt verkfæri og veitt þjálfun í að nota þau gegnum samtöl og verkefnavinna.

TÍA – tómstundir, Íþróttir og ADHD: Fræðslunámskeið fyrir þjálfara og starfsfólk íþróttafélaga, tómstundamiðstöðva og skóla um samskipti og samstarf við börn með ADHD.

ADHD og Ég: Kynjaskipt fræðslu og sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir börn og unglinga með ADHD – annarsvegar 10-12 ára og hinsvegar 13-15 ára.

ADHD og skólinn: Fjölbreytt fjarfundarnámskeið fyrir kennara og starfsfólk grunnskóla og leikskóla um uppbyggjandi skólastarf með börnum með ADHD. Markmið námskeiðanna er að fræða skólaumhverfið um ADHD, áhrif þess á líðan og hegðun barna á grunnskólaaldri og leiðbeina um ýmis hagnýt og gagnreynd ráð sem nýta má í uppbyggilegu skólastarfi með börnum með ADHD.

Understanding ADHD: Fjarfundarnámskeið fyrir enskumælandi fólk með ADHD og aðstandendur barna með ADHD.

Polski ADHD seminar: Fjarfundarnámskeið fyrir pólskumælandi fólk með ADHD og aðstandendur barna með ADHD.

Fjármál og ADHD: Stutt fjarnámskeið með aðferðum sem virka fyrir fólk með ADHD.

Rafíþróttir og ADHD: Rafíþróttanámskeið fyrir börn og unglinga í samstarfi við rafíþróttadeild Fylkis.

Minecraft og tölvuleikjagerð: Námskeið í Tölvuleikjagerð og Minecraft fyrir 7-10 ára börn með ADHD.

ADHD og nán sambönd: Námskeið fyrir einstaklinga og pör, þar sem amk annar aðilinn er með ADHD.

Spjallfundir: Samtökin standa fyrir reglulegum spjallfundum í hverjum mánuði – tvisvar í mánuði í Reykjavík og nokkrum sinnum á ári á Akureyri, Austurlandi, Suðurlandi, Vesturlandi, Suðurnesjum, Vestfjörðum og í Vestmannaeyjum. Þar eru tekin fyrir ákveðin málefni er varða ADHD. Spjallfundirnir eru ókeypis og standa öllum til boða.

Fræðslufundir: Samtökin standa fyrir reglulegum fræðslufyrirlestrum á Facebook auk a.m.k. tveggja opinna fræðslufunda á ári hverju um ýmis málefni er varða ADHD.

Málþing: Samtökin hafa undanfarin ár staðið fyrir málþingum í lok októbermánaðar. Umfjöllunarefnið er málefni er varða ADHD og er hvert ár tengt ákveðnu þema. Erlendir fyrirlesarar með sérþekkingu á ADHD og annað fagfólk sérhæft í umfjöllunarefni hverju sinni deila þekkingu sinni og reynslu.

Vitundarmánuður: Samtökin hafa staðið fyrir árlegri vitundarvakningu í tilefni af Alþjóðlegum ADHD vitundarmánuði í október ásamt því að selja endurskinsmerki sem lið í fjáröflun samtakanna.

Lífið með ADHD – Hlaðvarp ADHD samtakanna: Í hlaðvarpi ADHD samtakanna, fær Bóas Valdórsson til sín góða gesti sem segja frá lífi sínu með ADHD. Hlaðvarpið er aðgengilegt á RUV.is, adhd.is og í öllum helstu hlaðvarpsveitum.

Samfélagsmiðlar: Samtökin starfrækja átta Facebook síður (útibúin og aðalsíðan) og eina Instagram síðu og koma auk þess með virkum hætti að starfi sjö öflugra Facebook hópa um ýmis mállefni.

Fréttabréf: Samtökin senda reglulega frá sér, rafrænt fréttabréf um það sem er helst á döfinni.

Útgáfa fræðsluefnis: Samtökin standa fyrir útgáfu ýmissa bæklinga. Fræðslubæklingar sem gefnir hafa verið út eru 23 talsins: **Hvað er ADHD?** (almennur fræðslubæklingur um ADHD), **What is ADHD?** (sami bæklingur á ensku), **Co To Jest?** (sami bæklingur á pólsku), **ADHD utan skólafundinn** (ætlaður öllu starfsfólki grunnskólanna), **Börn & ADHD, Children with ADHD** (sami bæklingur á ensku), **Dzieci i ADHD** (sami bæklingur á pólsku), **Stúlkur & ADHD, Unglingar & ADHD, Teemagers and ADHD** (sami bæklingur á ensku), **MŁODZIEŻ Z ADHD** (sami bæklingur á pólsku), **Fullorðnir & ADHD, Adults and ADHD** (sami bæklingur á ensku), **Dorosli i ADHD** (sami bæklingur á pólsku), **Náin sambönd & ADHD, Afbrot & ADHD, Ha, ertu að tala við mig?** (Sjálfs hjálparbæklingur fyrir eldri börn og unglunga og ADHD), **Systkini og ADHD og Atvinna og ADHD, ADHD IN THE WORKPLACE** (sami bæklingur á ensku) og **PRACA I ADHD** (sami bæklingur á pólsku), **Stúlkur, konur og ADHD, Girls, Women and ADHD** (sami bæklingur á ensku).

Útgáfa bóka: Samtökin bjóða til sölu umtalsvert magn bóka um ADHD og skyldar raskanir á vef samtakanna og koma ADHD samtökin nú beint að útgáfu sex rita: **ADHD og farsæl skólaganga** (2013 í samvinnu við Námsgagnastofnun. Endurútgæfið 2015), **Hámarksárangur í námi með ADHD + verkefnabók** (2008 í samvinnu við Sigrúnu Harðardóttur og Tinnu Halldórsdóttur), **Leynardómar heilans – Láttu verkin tala** [2014], **Leikskólar og ADHD** [2015], **Ferðalag í flughálfu – Unglingar og ADHD** [2017] og **Elli – dagur í lífi drengs með ADHD** (frumsaminn íslensk barnabók) [2020].

Landsbyggðin: Samtökin hafa staðið fyrir fræðslu og námskeiðahald um ADHD á landsbyggðinni og ýtt undir stofnun útibúa úti á landi. Samtökin eru komin með útibú á Akureyri, Austurlandi, Suðurlandi, Suðurnesjum, Vesturlandi, Vestfjörðum og Vestmannaeyjum sem rekin eru að mestu í sjálfboðavinnu. Þar eru m.a. haldnir spjallfundir nokkrum sinnum á ári og eru þeir endurgjaldslausir og öllum opnir.

Verktakar/sjálfboðaliðar: Samtökin nýta þjónustu verktaka við námskeiðahald og fyrirlestra og leita þá til sérfræðinga á þeim sviðum sem um ræðir. Sálfræðingar, geðlæknar, ADHD markþjálfar, félagsfræðingar, kennarar og aðrar slíkar fagstéttir eru þar ráðandi en hópurinn tekur reglulega breytingum. Nánar má fræðast um umsjónarfólk námskeiða samtakanna hverju sinni á heimasíðu samtakanna adhd.is

Menntun og hæfi starfsfólks: Hjá samtökunum vinna í dag þrír starfsmenn. Hrannar Björn Arnarsson, framkvæmdastjóri, MBA. Hrannar sér um daglegan rekstur, mannauðsmál, fjármál og áætlanagerð og ber ábyrgð á starfseminni gagnvart stjórn. Elín H Hinriksdóttir, sérfræðingur, MED, sérkennari og sérfræðingur í málefnum fólks með ADHD. Elín er sérfræðingur samtakanna í málefnum fólks með ADHD og hefur yfirumsjón með gæðum námskeiðahalds og fræðsluefnis. Jóna Kristín Gunnarsdóttir, verkefnastjóri fræðslumála, sérkennari. Jóna Kristín hefur umsjón með námskeiðahaldi og fyrirlestrum samtakanna ofl.

Innra eftirlit: Allt bókhald er fært og endurskoðað af APAL bókhaldsstofu. Öll erindi til samtakanna eru skráð og flokkuð af starfsfólki samtakanna og eftir hvert námskeið er unnin gæðakönnun meðal þátttakenda. Afrakstur þessa alls er lagður fyrir stjórn með reglulegum hætti.

Samstarfsaðilar: Samtökin hafa reglulega fengið styrki frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu (til tveggja ára núna), Heilbrigðisráðuneytinu (verkefnatengt), ÖBÍ, Mennta- og barnamálaráðuneytinu (verkefnatengt) og Reykjavíkurborg (nú til þriggja ára). Auk þess hafa samtökin unnið með fjölda sveitarfélaga og/eða stofnanna sveitarfélaga með einstök námskeið eða fræðslu. Þjónusta samtakanna í formi fræðslubæklinga oph stendur öllum opin án endurgjalds.

Vilhjálmur Hjálmarsson formaður ADHD
Hrannar B. Arnarsson framkvæmdastjóri ADHD

Flóahreppur

Reykjavík, 26. nóvember 2025.

Ágæti viðtakandi.

ADHD samtökin fta hefja brátt sitt þrítugasta og áttunda starfsár. Samtökin hafa frá upphafi beint sjónum sínum að baráttunni fyrir betri þjónustu við fólk með ADHD og fjölskyldur þeirra, en reikna má með að allt að fjórtíu þúsund einstaklingar séu með ADHD á Íslandi - greint og ógreint.

Undanfarin ár hefur starfsemi ADHD samtakanna eflst gríðarlega, enda greinast stöðugt fleiri með ADHD á Íslandi. Samtökin eru eitt fjölmennasta aðildarfélag ÖBÍ, skráð sem félag til almannaheilla (fta), hafa starfsleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og eru skráð á almannaheillaskrá RSK, sem veitir almennum styrktaraðilum samtakanna rétt til skattaafsláttar.

Þriggja til tíu ára bið er eftir ADHD greiningum hjá hinu opinbera og skortur á þjónustu geðlækna og niðurgreiddri þjónustu sálfræðinga hefur einnig stórukið þjónustubörfina. ADHD samtökin hafa kappkostað að mæta þessum þörfum, með auknu námskeiðahaldi, auknum stuðningi og kröftugra fræðslustarfi. Þjónustan stendur öllum til boða, hvort sem fólk er í samtökunum eða ekki og hún er veitt um allt land.

Þrátt fyrir stóru aukna starfsemi ADHD samtakanna, hefur opinber stuðningur við samtökin staðið í stað á liðnum árum. Samtökin eiga því allt sitt undir stuðningi almennings, félagsfólks og velviljaðra sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnanna.

Með bréfi þessu óska ADHD samtökin eftir stuðningi þíns sveitarfélags, helst þannig að það myndi tryggja íbúum sveitarfélagsins eða starfsfólki þess viðeigandi fræðslu um ADHD á komandi ári.

ADHD samtökin bjóða margskonar fræðslu, fyrir leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, íþróttafélög, félagsmiðstöðvar, foreldra, almenning og starfsfólk og stjórnendur fyrirtækja og stofnanna og er eitt helsta markmið samtakanna að sem flestir hópar samfélagsins, fái notið þessarar fræðslu, ekki síst þeir hópar sem vinna með börnum. Með því móti vinnum við gegn fordómum og bætum lífsskilyrði og starfsumhverfi allra í sveitarfélaginu.

Með bréfi þessu óskum við eftir styrk að upphæð kr 100-500 þúsund, sem nýttur yrði samkvæmt nánara samkomulagi. Við erum sannfærð um að fjármagnið mun koma að góðum notum og að með starfsemi samtakanna er verið að stórbæta lífsskilyrði fólks með ADHD og fjölskyldna þeirra um allt land.

Með bréfi þessu fylgir almenn greinargerð um starfsemi ADHD samtakanna en óskir um frekari upplýsingar og/eða samtal um mögulegar útfærslur myndi gleðja okkur mjög.

Virðingarfyllt,

F.h. ADHD samtakanna fta.

Hrannar Björn Arnarsson, framkvæmdastjóri

Styrkbeiðni - reiðveganefnd Sleipnis

From Hrafnkell Guðnason <hrafnkell.gudnason@gmail.com>

Date Wed 2025-11-19 13:38

To Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>

 1 attachment (13 KB)

Til sveitarstjórnar Flóahrepps18.docx;

Sæl

Í meðfylgjandi viðhengi er umsókn frá reiðveganefnd Sleipnis um framlag til reiðvegagerðar og viðhalds á reiðleiðum í Flóahreppi

með bestu kveðju

Hrafnkell Guðnason

Til sveitarstjórnar Flóahrepps

18.11.2025

Fyrir hönd reiðveganefndar Sleipnis vil ég þakka kærlega fyrir veittan styrk frá Flóahreppi fyrir árið 2025.

Um þessar mundir er verið að framkvæma fyrir styrkuppþæðina og hefur henni verið ráðstafað til viðhalds á reiðveginum meðfram Villingaholtsvegi við Mjósyndi, Þjósárbakka og Ferjunesi, ásamt því að lagfæra slyshættu sem er vegna legu skurðar á reiðveginum meðfram Hamarsvegi við Gerða.

Fyrir liggur mikil þörf á viðhaldi á reiðvegakerfi Flóahrepps ef það á að þjóna tilgangi sínum, meðal á hinn svokölluðu Flóaleið frá Villingaholtsvegi að Gaulverjabæjarvegi (Gegnum Langsstaði, Læk, Arnarstaði og Sölvholt), en þar að auki er mikil þörf á viðhaldi bæði með Gaulverjabæjarvegi og Villingaholtsvegi að Þjósárveri.

Ég vísa einnig í frekari rökstuðning fyrir hækkun styrks í síðustu umsókn.

Óskað er eftir framlagi frá Flóahreppi fyrir árið 2026, kr. 2.500.000.

Með bestu kveðju,

Hrafnkell Guðnason



Outlook

Re: SIGURHÆÐIR - styrkumsókn

From Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>
Date Wed 2025-11-19 10:08
To Anna Björg Stefánsdóttir <annabjorgstefans@gmail.com>

Sæl Anna Björg

Sveitarstjórn Flóahrepps bókaði eftirfarandi á fundi dags. 18.11.2025:

„Styrkbeiðni frá Sigurhæðum

Fyrir liggur styrkumsókn frá Sigurhæðum ásamt upplýsingum um starfsemi Sigurhæða og kostnaðaráætlun 2026. Óskað er eftir styrk að upphæð 356.180 kr og er þá gert ráð fyrir framlagi frá SASS á árinu 2026.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða styrkbeiðni frá Sigurhæðum og vísar erindi til frekari vinnslu vegna fjárhagsáætlunar 2026.

Samþykkt með 5 atkvæðum."

Bókun sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur
Hulda

Hulda Kristjánsdóttir
Sveitarstjóri Flóahrepps
hulda@floahreppur.is
www.floahreppur.is | 480 4370 | Þingborg

From: Anna Björg Stefánsdóttir <annabjorgstefans@gmail.com>
Sent: Wednesday, November 12, 2025 09:38
To: Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>
Subject: SIGURHÆÐIR - styrkumsókn

Góðan dag

Meðfylgjandi er umsókn um styrk til reksturs Sigurhæða.

Með von um góðar undirtektir og þakkir fyrir framlög fyrri ára.

Bestu kveðjur,
Anna Björg Stefánsdóttir,
starfandi verkefnastjóri Sigurhæða

Re: Réttir

From Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>

Date Tue 2025-11-04 19:15

To Anna Gísladóttir <afjola@simnet.is>

Sæl Anna Fjola

Sveitarstjórn Flóahrepps bókaði eftirfarandi á fundi sínum í dag, 04.11.2025:

„Ósk um framlag vegna útgáfu – Réttir landsins

Fyrir liggur erindi frá Önnu Fjolu Gísladóttur ljósmyndara og Gísla B. Björnssyni teiknara og hönnuði þar sem óskað er eftir framlagi vegna bókaútgáfu um réttir landsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur jákvætt í innsent erindi en í Flóahreppi eru friðlýstar réttir, Dælaréttir, sem eru ævafornar fjárréttir og talin elsta rétt landsins og helsta skilarétt svæðisins á sínum tíma.

Sveitarstjórn vísar ósk um framlag vegna útgáfu bókar til fjárhagsáætlunargerðar næsta árs.

Samþykkt með 5 atkvæðum."

Bókun sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur

Hulda

Hulda Kristjánsdóttir

Sveitarstjóri Flóahrepps

hulda@floahreppur.is

www.floahreppur.is | 480 4370 | Þingborg

From: Anna Gísladóttir <afjola@simnet.is>

Sent: Wednesday, October 29, 2025 08:28

To: Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>

Subject: Réttir

Re: Beiðni frá Félagi fósturforeldra

From Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>

Date Tue 2025-09-02 19:35

To Félag fósturforeldra <fostur@fostur.is>

Góðan dag

Sveitarstjórn bókaði eftirfarandi á fundi sínum í dagm 02.09.2025:

*„Erindi frá Félagi fósturforeldra – Styrkbeiðni til Flóahrepps
Fyrir liggur erindi frá Félagi fósturforeldra þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 25.000 kr fyrir rekstri
og þjónustu félagsins á árinu 2026.
Sveitarstjórn Flóahrepps tekur jákvætt í erindið og samþykkir að vísa styrkbeiðni til
fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2026.
Samþykkt með 5 atkvæðum.“*

Bókun sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Okkur langar að spyrja hversu margir fósturforeldrar eru búsettir í Flóahreppi?

Bestu kveðjur

Hulda

Hulda Kristjánsdóttir

Sveitarstjóri Flóahrepps

hulda@floahreppur.is

www.floahreppur.is | 480 4370 | Þingborg

From: Félag fósturforeldra <fostur@fostur.is>

Sent: Tuesday, August 26, 2025 14:27

To: Árni Eiríksson <arni@floahreppur.is>; Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>; Walter Kristjánsson <walter@floahreppur.is>; Harpa Magnúsdóttir <harpa@floahreppur.is>; Hjalti Guðmundsson <hjalti@floahreppur.is>

Subject: Beiðni frá Félagi fósturforeldra

Kæra sveitarstjórn Flóahrepps

Félag fósturforeldra leitar nú til sveitarstjórna um hóflegan styrk fyrir rekstri og þjónustu félagsins sem það veitir fósturforeldrum um allt land.

Í viðhengi má finna beiðnina sem við óskum að tekin sé afstaða til á næsta fundi sveitarstjórnar.

Með góðri kveðju

Sigurgeir B. Þórisson

Framkvæmdastjóri Félags fósturforeldra

Sími : 559 1500

Heimasíða : fostur.is

Re: Beiðni til sveitarfélags um fjárstuðning við starfsemi Stígamóta

From Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>

Date Tue 2025-09-16 19:00

To Drífa Snædal <drifa@stigamot.is>; Stígamót <stigamot@stigamot.is>

Góðan dag

Sveitarstjórn Flóahrepps bókaði eftirfarandi á fundi sínum í dag:

„Erindi frá Stígamótum – styrkbeiðni

Fyrir liggur erindi frá Stígamótum þar sem óskað er eftir fjárstuðningi fyrir árið 2026.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi og samþykkir að vísa ósk um fjárstuðning til

fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2026.

Samþykkt með 5 atkvæðum."

Bókun sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Kveðja, Hulda

Hulda Kristjánsdóttir

Sveitarstjóri Flóahrepps

hulda@floahreppur.is

www.floahreppur.is | 480 4370 | Þingborg

From: Drífa Snædal <drifa@stigamot.is>

Sent: Monday, September 1, 2025 11:25

To: Stígamót <stigamot@stigamot.is>

Subject: Beiðni til sveitarfélags um fjárstuðning við starfsemi Stígamóta

Ágæti viðtakandi,

Í viðhengi er ósk Stígamóta um fjárframlag til starfseminnar á árinu 2026. Vinsamlegast takið það til afgreiðslu, með fyrirfram þökk!

Ársskýrsla Stígamóta gefur góða mynd af starfinu en hún fylgir í viðhengi.

Með von um jákvæð viðbrögð,

Drífa Snædal

Talskona

Stígamót

Höfðabakki 9

110 Reykjavík

S. 562-6868 og 695-1757

www.stigamot.is



Þessi tölvupóstur og viðhengi hans geta innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður. Ef sending þessi hefur ranglega borist þér vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti. Efni tölvupóstsins og viðhengja er á ábyrgð sendanda ef sá aðili tengist ekki starfsemi Stígamóta.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed. If you receive this in error, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your system.

Future sýning - Jóel Sæmundsson kemur til ykkar árið 2026

From Þórunn Elva Þorgeirsdóttir <thorunn@totalevents.is>

Date Thu 2025-11-20 13:23

To tota@joels.is <tota@joels.is>

Góðan dag,

Þórunn Elva heiti ég og er framleiðandi að sýningunni *Future*, sem Jóel Sæmundsson, leikari er nú að setja upp fyrir árið 2026. Jóel hefur haldið fyrirlestra fyrir yfir þrjú hundruð stór og smá fyrirtæki landsins með mjög góðum undirtektum en nú er hann að gera sýningu byggða á þessum fyrirlestrum nema bara stærri, lengri og betri í "litrænna" sýningarformi.

Við erum þessa dagana að skipuleggja ferðalög sýningarinnar um landið í vetur og höfum mikinn áhuga á að koma í ykkar sveitarfélag. Jóel, verandi sjálfur úr Þórshöfn skilur þörfina á því að fá einhven tíman eitthvað heim í bæ en ekki að þurfa endilega að sækja stærri bæi fyrir skemmtilega viðburði. Hann stefnir því að því að ferðast til allra bæja og sveitarfélaga sem hafa 200 eða fleiri bæjarbúa á Íslandi allan næsta vetur. Nú eruð þið kannski orðin forvitin að vita um hvaða sýningu ræðir en [hér](#) má sjá lítið sneak peak sem gefur ekki endilega til kynna um hvað sýningin er heldur frekar um hversu vel fólk skemmtir sér.

Þar komið þið inn, okkur langaði að athuga hvort að sveitarfélagið ykkar veiti einhvers konar stuðning þegar menningarviðburðir eða leiksýningar heimsækja staðinn, svo sem:

- frítt húsnæði eða afslátt af sýningarsal sem ykkur finnst henta í þetta
- ferðastyrk
- annan stuðning sem gæti auðveldað okkur að koma með sýninguna til ykkar

Slíkur stuðningur getur skipt sköpum til þess að geta boðið íbúum landsins upp á skemmtilega sýningu sem er einnar sinnar tegundar, óháð staðsetningu.

Ef þetta er eitthvað sem þið viljið skoða nánar með okkur væri það frábært og mjög þakkarvert! Ég get næstum því lofað ykkur því að þið sjáið ekki eftir því!

Annað sem gæti gagnast okkur gríðarlega vel er að fá upplýsingar um þennan "eina í bænum" sem veit allt um allt. Öll sveitarfélög eiga einn "græjara" og það væri gott að fá contact eða netfang á þá manneskju sem gæti aðstoðað okkur að tengja okkur við t.d bestu húsnæðin sem myndu henta undir svona, við tækni/hljóðmenn ef einhverjir eru í bænum og upplýsingar um tímabil/dagsetningar sem ykkur finnst henta best fyrir svona viðburð í vetur í ykkar sveitafélagi.

Ef einhverjar spurningar vakna eða þið þurfið frekari upplýsingar ekki hika við að hafa samband við mig hér. Nú eða ef þið elskið símtöl eins og ég, þá er velkomið að hringja í mig í síma 692-4516.

Að lokum vil ég þakka þér/ykkur kærlega fyrir að lesa þennan póst til enda!
Með von um góðar undirtektir, við sjáumst fersk í vetur!

Bestu kveðjur,
Þórunn Elva

Framleiðandi Framtíðarinnar

thorunn@totalevents.is

tota@joels.is

s:6924516